



Vilhjálmur: „Ég held að það sé út af fyrir sig enginn mælikvarði á trú að trúa þeirri staðhæfingu að Guð sé til.“



Magna: „Minn Guð er alkynja, afskiptalitill dags daglega og gæddur ríki kímningáfu.“

VILHJÁLMMUR ÁRNASON

„Þetta er ákaflega erfið og viðkvæm spurning, en ef til vill ekki að sama skapi mikilvæg. Stöðugar vangaveltur manna um hana hafa að mínum dómi beint sjónum þeirra frá því sem mestu máli skiptir í umræðu um trúmál. Aðalatriðið er að leiða hugann að því hvað það merkir að trúa og draga af því rökréttar ályktanir. Ef við byrjum á því að leita svara við því hvort Guð sé til, og teljum að svarið sé úrslitaatriði um trúarlega afstöðu manna, erum við að gefa okkur afar hæpnar forsendur um eðli átrúnaðar og jafnvel um eðli guðdómsins.

Í þessu tilliti skiptir auðvitað miklu að átta sig á því hvað átt er við með þessari spurningu. Ef við skiljum spurninguna um tilvist Guðs svipuðum skilningi og spurninguna „er líf á öðrum stjörnum?“ þá erum við að stilla Guði upp sem hverju öðru fyrirbæri í heiminum, óháð okkar eigin lífi eða lífsafstöðu. Ég held að það sé út af fyrir sig enginn mælikvarði á trú að trúa þeirri staðhæfingu að Guð sé til. Það er ekki heldur einhlítur mælikvarði á guðleysi að trúa henni ekki.

Kjarninn í boðskap kristninnar varðar grundvallarafstöðu okkar til lífsins og tilverunnar. Sú afstaða birtist ekki í svörum okkar við þessari spurningu, heldur afhjúpum við hana í verki. Það gerum við ekki bara hvert um sig, heldur einnig sameiginlega, í menningu okkar og samfélagi. Spurningin er því þessi: Breytum við eftir Kristi? Hver er raunveruleikinn á meðal okkar?“

MAGNEA J. MATTHÍASDÓTTIR

„Það eru ekki ýkja mörg ár síðan ég hefði svarað þessari spurningu neitandi, ekki endilega vegna þess að ég tryði ekki á Guð heldur fremur þess að þá var ekki í tísku að vera trúaður. Samt held ég ekki að ég hafi nokkurn tíma í einlægni trúað að Guð væri ekki til eða til vara að Guð væri dauður, eins og margir halda gjarna fram. Minn Guð hefur aftur á móti ævinlega verið persónulegur Guð (eins og ég reyndar held að sé hjá flestum), alkynja, afskiptalitill dags daglega (en auðvitað almáttugur ef svo ber undir) og gæddur ríki kímningáfu. Því skyldi hann/hún/það annars hafa fundið upp (skapað) hringleikahúsið Jörðina og trúðinn Mannkynið?“

Minn Guð er alltaf nálægur og gott að rabba við hann/hana/það, ræða vandamál sem gjarna bregður þá nýju ljósi á og fá jafnvel smávægilega aðstoð, þó ekki sé nema kraft til að gera hlutina sjálf. Guð er vinur minn.

Á hinn bóginn er ekkert sem ég óttast öllu meir en „fanatik“ og þá einkanlega í trúarbrögðum og stjórnmálum. Ofstækismenn eru að mínu viti alltaf hættulegir. Af þeim sökum er ég lítið gefin fyrir að ræða um minn Guð við aðra, hvað þá halda prédikanir og vonast reyndar til að Guð forði mér frá því. Sem hann/hún/það eflaust gerir héðan í frá sem hingað til.“